

Miðvikudaginn 16. júní 1920.

Nr. 7/1920

Rjettvísln

(sækjandi Eggert Claessen)

gegn

Sigurði Jens Aðalsteinssyni

(verjandi L. Fjeldsted),

sem er ákærður fyrir þjófnað.

Dómur aukarjettar Strandasýslu 3. desbr. 1919: Hinn ákærði Jens Aðalsteinsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5×5 daga og greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Afbrot ákærða eru í hjeradsdóminum rjettilega heimfærð undir 230. og 231. gr., sbr 63. og 38. gr. hegningarlaganna, og þykir mega ákveða hegningu ákærða 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

En þar sem ætla má, að ákærði hafi eigi verið fullra 18 ára, þegar hann fór inn um skemmugluggann í Búð í Hnifsdal, og hann hefir hegðað sjer vel undan og eftir brotin, játað þau viðstöðulaust, og skilað eigendunum hinum stolnu munum eða borgað þeim þá, þá þykir mega ákveða samkv. 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að hegningu hans skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Um málskostnað í hjerði á dóminum að vera óraskað. Auk þess greiði ákærði allan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Um meðferð sakarinnar í hjerði athugæst, að eigi hafa farið fram nógu ítarleg próf um aldur ákærða, þá

er hann framdi innbrotspjófnadinn nje heldur um, hve miklu hann stal af sykri. Þá hefir og rannsóknin í málinu orðið mjög seinfara. Málið var kært fyrir sýslumanni 25. júní 1918, en rannsókn ekki lokið fyr en 1 desember f. á. Sjerstaklega verður að vita þann drátt, sem varð á málinu frá því í apríl þangað til 1. des. f. á.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Sigurður Jens Aðalsteinsson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Um málskostnað í hjeraði skal aukarjettar-dóminum óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Eggerts Claessen, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Í máli þessu, sem er höfðað af rjettvisinnar hálfu gegn Jens Aðalsteinsyni, nú vinnumanni í Kollafjarðarnesi, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, er það sannað með eigin játningu ákærða og öðrum sönnunum, sem fram hafa komið í málinu, að um vorið 1918 hafi hann verið ráðinn yfir vorvertið, frá páskum til 12. viku sumars til róðra eða landvinnu hjá Hálfðani Hálfðanarsyni útgerðarmanni í Hnifsdal, og að hann þá nokkru (þrem vikum) fyrir hvítasunnu, eitt kvöld þegar dimt var orðið, hafi klifrast upp á grind eða kassa, sem stóð fyrir utan gaflinn á geymsluhúsi hús-

bónda hans, kipt burtu rúðubroti, sem hafði verið í neðsta rúðugati á 6 rúðu glugga, hjer um bil 4 álnir frá jörðu, og smogið síðan inn um rúðugatið, og þegar inn var komið tekið hlera frá kompu, þar sem kornmatur og sykur hafi verið geymdur, og stolið úr sykurpoka þar c. 1 til 2 pundum af sykri, með þeim nánari atvikum, að hann tók nærpokann upp úr ytri pokanum, og hellir síðan sykri í ytri pokann, þar til að ekki er eftir í nærpokanum meira en tilgreint hefir verið, og tekur nærpokann með þessu af sykri í með sjer. Gegn neitun ákærða virðist það ekki sannað, að hann hafi stolið meiru af sykri en 1—2 pundum.

Út fór ákærði aftur um dyrnar á húsinu, sem hægt var að opna að innanverðu frá, og skildi eftir opið.

Þá hefir ákærði játað, að hann 12. júní um vorið hafi gengið úr vistinni hjá Hálfðani út úr missætti, bæði við Hálfðan og Stefán Finnbogason, formann á báti þeim, sem ákærði reri á, en skömmu áður hafi hann stolið úrgarmi frá Stefáni, sem legið hafi í herbergi því, er þeir sváfu í.

Ennfremur hefir ákærði játað, að hann á heimleiðinni frá Hnífsdal að Hrófa í Steingrímsfirði, hafi fengið flutning og gistingu hjá Helga bónda Einarssyni á Skarði í Skötufirði, legið þar til nafns síns og kallað sig Jón Arnason, og um morguninn stolið kvenúri, sem lá á kómóðu í stofunni, þar sem hann borðaði morgunverð með þremur heimamönnum, þegar þeir voru gengnir út, og gengið síðan út á eftir og niður að sjó til Helga bónda, til þess að kveðja hann og spyrja hann að hvað flutningurinn og næturgreiðinn kostaði, en Helgi ekkert viljað taka fyrir það.

Loks hefir ákærði játað, að þegar hann í þessu sama ferðalagi var staddur fyrir neðan bæinn Heydal í Mjóafirði, hafi hann stolið nýlegum oliustakk, sem lá þar í báti í fjörunni, um leið og hann hafi gengið fram hjá.

Enn hefir ákærði játað það, að hann hafi fundið hjá sjer brest til hnuplsemi á sætindi og mat frá barndómi.

Þessi brot ákærða heimfærast undir 230. og 231. gr., 4. lið, hinna almennu hegningarlaga, samanborið við 38. og 63. grein þeirra og virðist eftir málavöxtum hegningin fyrir þau hæfilega metin 5×5 daga fangelsi við vatn og braud, en hinum stolnu munum hefir sumpart verið skilað aftur eða þeir borgaðir því verði, sem eigendurnir hafa sett upp fyrir þá, og kemur því ekki til að dæma ákærða til neinnar iðgjaldagreiðslu, en aftur á

móti verður að dæma hann til að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kosnað.

Meðferð málsins hefir verið lögleg.

Föstudaginn 18. júní 1920.

Nr. 1/1920

**Pjetur Guðmundsson, Sigbjörn
Björnsson, Sigríður Eiríksdóttir
og Vilborg Stefánsdóttir**

(Eggert Claessen)

gegn

Hjálmar Guðjónssyni

(Sveinn Björnsson)

og

gagnsök

um forkaupsrjett að húseign og skaðabætur útaf
sölu hennar. Frávisunardómur

Dómar aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar og Norður-Múlasýslu 8. ágúst 1919: Sala stefndu, Pjeturs Guðmundssonar á Hauksstöðum, Vilborgar Stefánsdóttur á Litlabakka, Sigríðar Eiríksdóttur í Bót, Sigbjörns Björnssonar á Ekkjufelli og Bjarna P. S. Skafftells á Seyðisfirði, á húseigninni Skafftelli í Seyðisfjarðarkaupstað til Halldórs Jónssonar, Seyðisfirði, 13. febrúar 1918, á að vera ógild gagnvart stefnandanum Hjálmar Guðjónssyni, Seyðisfirði.

Hinum stefndu ber innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa að selja og afsala stefnandanum framangreinda húseign „Skafftelli“ á Seyðisfirði ásamt með því, er henni fylgdi við sölu 13. febrúar 1918 tilheyrandi múr- og naglföstu, lóð þeirri, er fylgdi þá og öllu, sem henni fylgdi og fylgja bar þá fyrir 12 — tólf — þúsund krónur, þannig að stefnandinn taki að sjer að greiða veðskuldir þær, er á húseigninni hvíldu 13. febrúar 1918 og en þá hvíla á henni og greiði afganginn af kaupverðinu í peningum. — Þó